



Lögboðin váttrygging vegna neytendalána

Váttryggingarskilmálar nr. ZZ11

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ZZ11.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Váttrygging þessi er samkvæmt lögum neytendalán nr. 121/1994.

Efnisyfirlit:

1. Váttryggður
2. Váttryggingin gildir
3. Ábyrgðartími
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Greiðsla iðgjalds
7. Endurgreiðsla iðgjalds
8. Váttryggingarfjárhæð
9. Eigin áhætta
10. Endurkrafa
11. Tvíttrygging
12. Lok váttryggingar
13. Fyrning

1. Váttryggður

Váttryggingartaki er váttryggður.

2. Váttryggingin gildir

Váttryggingin tekur til starfa váttryggingartaka á Íslandi.

3. Ábyrgðartími

3.1. Váttryggingin tekur til váttryggingaratburðar ef eindagi greiðslu þeirrar sem váttryggingartaki á að inna af hendi til neytanda, er á váttryggingartímabilinu.

3.2. Falli váttryggingarsamningurinn úr gildi, helst ábyrgð félagsins þó í eitt ár frá þeim tíma að því er varðar kröfur, sem rísa af samningum, sem váttryggingartaki hefur gert á váttryggingartímanum, enda sé eindagi greiðslu váttryggingartaka innan árs frá lokum váttryggingarinnar.

3.2.1 Ákvæði gr. 3.2 eiga þó ekki við ef váttryggingartaki hefur eftir lok váttryggingarinnar keypt aðra váttryggingu eða bankatryggingu, sem tekur til tjónsins.

4. Bótasvið

Váttryggingin bætir:

4.1 Fjárkröfu, sem neytandi eignast á hendur váttryggingartaka vegna vanefnda hans á samningi um viðskipti, sem lög nr. 121/1994 um neytendalán taka til.

4.1.1 Váttryggingin gildir þó aðeins í þeim tilvikum, að lánveitandi framselji grandlausum þriðja manni viðskiptabréf, sem neytandi hefur látið af hendi sem greiðslu til framseljanda, sbr 3. mgr. 17. gr. og 18. gr. laganna.

4.1.2 Til greiðslu bóta kemur eingöngu, hafi fullnaðardómur eða réttarsátt gengið um vanefnd og að ljóst sé að lánveitandi geti ekki efnt skyldu sína samkvæmt dóminum eða sáttinni.

Váttryggingin bætir ekki:

4.2 Tjón vegna vanefndaábyrgðar, sem er víðtækari en eftir íslenskum reglum.

4.3 Sektir og önnur viðurlög sem falla á váttryggðan.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5.2 Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Greiðsla iðgjalds

6.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.

6.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingar-



samnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða umsamda vátryggingarfjárhæð.

8. Vátryggingarfjárhæð

- 8.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla félagsins vegna allra vátryggingaratburða innan sama vátryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 8.2 Félagið greiðir kostnað, sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem vátryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu, sem vátryggingin tekur til.
- 8.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en skaðabæturnar, er félaginu aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.

9. Eigin áhætta

- 9.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.2 Eigin áhætta vátryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola.

10. Endurkrafa

Hafi félagið vegna ákvæða laga nr. 121/1994 eða reglna settum samkvæmt þeim greitt kröfu, sem vátryggingartaki á ekki rétt á vátryggingavernd gegn samkvæmt skilmálum þessum, lögum um vátryggingarsamninga eða vegna þess að hann hefur valdið vátryggingaratburði af ásetningi, á félagið endurkröfurétt á hendur honum vegna vátryggingarbóta, sem það hefur greitt.

11. Tvítrygging

- 11.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 11.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 11.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

12. Lok vátryggingar

Vátryggingin fellur sjálfkrafa úr gildi, ef vátryggingartaki missir réttindi til að reka starfsemi á því sviði sem tilgreint er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

13. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2008.